

# Starfsánægju- könnun

Markmið og tilgangur  
könnunarinnar er að mæla  
ánægju starfsfólks og fá  
vísbendingu um hvað má  
betur fara í  
starfsumhverfinu.

## Dæmi um starfsánægjukönnun

### Leiðbeiningar fyrir uppsetningu

1. Taktu saman lista yfir starfsfólk sem þú vilt senda starfsánægjukönnun.
2. Veldu þér töl sem þú ætlar að setja spurningakönnunina upp í. [Google Forms](#) og [Microsoft Forms](#) eru dæmi um notendavæn forrit.
3. Settu upp starfsánægjukönnun. Þú getur afritað fullyrðingarnar sem koma fram hér á eftir. Þú getur notað allar fullyrðingar eða valið þær sem þér finnst eiga við.
4. Skrifaðu stutta lýsingu (inngang) á könnuninni. Þú getur líka notað dæmið sem er gefið upp hér á eftir.
5. Deildu könnuninni með starfsfólkinu, t.d. með því að senda þeim tölvupóst eða deila hlekk á könnunina á samfélagsmiðlum/workplace.
6. Endurtaktu könnunina reglulega til að sjá hvort starfsánægja eykst eða hvort dregur úr henni.

### Dæmi um lýsingu á könnun

Kæri starfsmaður,  
Okkur/mér er annt um að þér líði vel í vinnunni. Til að kanna ánægju starfsfólks og fá vísbendingar um hvað má betur fara í starfsumhverfinu biðjum við/ bið ég þig um að svara eftirfarandi könnun. Athugaðu að könnunin er nafnlaus og því verður ekki hægt að rekja svör til einstakra svarenda.  
Vinsamlegast smelltu hér fyrir neðan til að svara könnuninni: [setja hlekk]

# Starfsánægju- könnun

Eftirfarandi eru fullyrðingar sem ætlað er að lýsa afstöðu til vinnustaðarins, starfs og samstarfsfólks.

## Dæmi um fullyrðingar sem nota má í starfsánægjukönnun

**Fullyrðingar þar sem  
svarmöguleikar eru  
Mjög sammála – Frekar  
sammála – Hlutlaus –  
Frekar ósammála –  
Mjög ósammála**

- Ég er almennt ánægð/ur í vinnunni.
- Ég get nýtt þekkingu mína og hæfni í núverandi starfi.
- Ég veit fyrir fram hvenær ég þarf að vinna yfirvinnu.
- Ég fæ viðeigandi þjálfun til að sinna starfi mínu.
- Samstarfsmenn mínir sýna mér almennt vingjarnlegt viðmót.
- Ég kemst frá vinnu þegar ég nauðsynlega þarf á að halda (t.d. til læknis).
- Starfsmenn sýna hver öðrum umburðarlyndi á vinnustaðnum.
- Ég fæ stuðning frá næsta yfirmanni þegar við á.
- Vinnustaðurinn er laus við hótanir og ofbeldi.
- Ég veit til hvers er ætlast af mér í vinnunni.
- Upplýsingaflæði á vinnustaðnum er í lagi.
- Það er komið fram við alla starfsmenn á jafnréttisgrundvelli.
- Vinnutíminn er eins og um var samið.
- Það er borin virðing fyrir mér sem starfsmanni.
- Mér tekst að ljúka verkefnum mínum á tilsettum tíma.
- Vinnustaðurinn er laus við samskiptavandamál.
- Vinnustaðurinn er laus við einelti.
- Ég er óeðlilega þreytt/ur eftir vinnudaginn.
- Ég fæ stuðning frá samstarfsfólki þegar við á.
- Ég myndi mæla með vinnustaðnum.

**Fullyrðingar þar sem  
svarmöguleikar eru  
Já - Nei**

- Ég hef fengið skriflega starfslýsingu í mínar hendur.
- Ég hef kost á að sækja námskeið tengt starfi.
- Ég hef fengið skriflegan ráðningarsamning.